



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 388

Axel Andrésen
(1895-1961)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 388

Axel Andrésson

Axel Andrésson, einn helsti hvatamaðurinn að stofnun knattspyrnufélagsins Víkings, fæddist í Reykjavík 22. nóvember 1895. Hann var sonur Andrésar Andréssonar verslunarmanns og Kristínar Pálsdóttur húsmóður.

Axel heillaðist ungur að knattspyrnu og einlægur íþróttaáhuginn fylgdi honum alla tíð. Axel var aðaldrifkrafturinn í starfi Víkings um árabíl, var fyrsti formaður félagsins og þjálfari þess í 16 ár. Þá var hann fyrsti maðurinn sem tók dómaraþróf í knattspyrnu hjá ÍSÍ -Íþróttasambands Íslands. Íþróttir urðu ævistarf Axels. Hann hóf sendikennarastarf hjá ÍSÍ 1941, aðallega sem knattspyrnukennari og þjálfari og hélt íþróttanámskeið um land allt þar sem aðaláherslan var lögð á knattspyrnu og handknattleik, en einnig fléttað inn boðhlaupi og fleiri greinum

Axel var alla tíð talsmaður drengilegra átaka á leikvellinum og lagði mikið upp úr því að kenna leikmönnum réttar leikreglur. Taldi hann að agi, réttsýni og drengskapur á leikvellinum fylgdi leikmönnum út í lífið.

Axel Andrésson lést 13. júní 1961.

(Heimild. Víkingur 100 ára. Gömul saga - Ný framtíð. Sögunýning í Víkinni).

Skjöl sem bárust Borgarskjalasafni í september 2008 og eru meðal annars úr fórum Axels Andréssonar sendikennara ÍSÍ og eins af stofnendum Víkings og Andrésar Reynis Kristjánssonar, sem var systursonur Axels.

Skjalaskrá

Heiðursskjal fyrir Axel Andrésson vegna starfa í þágu knattspyrnumála 29.5.1954, Knattspyrnuráð Reykjavíkur.

Bréf frá Þórhalli Andréssyni, syni Andrésar Reynis Kristjánssonar varðandi afhendingu skjalanna.

Bréf til Axels Andréssonar 1949-1955 og 1960-1961.

Kveðja og þökk, frá nemendum Skógaskóla, kvæði til A.A. 1944 frá Reykhyltingi.

Námskeið 1959-1960, listar yfir þátttakendur.

Skýrsla um kennslu knattspyrnu og fótbolta 1961.

Prófskírteini, knattspyrnukennaranám ÍSí, óútfyllt.

Ljósmyndir:

Liðsmenn knattspyrnudeildar Víkings og etv. öðrum.

Sex ljósmyndir af knattspyrnuliðum: landsmót 1959, landsmeistaraflokkur 1956 og fjórar ómekktar ljósmyndir.

Héraðsskólinn að Reykjum 1946-1947, m.a. Axel Andrésson kennari.

Blaðaúrklippur varðandi Axel Andrésson o.fl. 1952-1953.

Prentað mál

Skýrsla um störf Sambandsráðs framkvæmdastjórnar og nefnda ÍSí, júlí 1957-sept. 1959.

Lög Íþróttasambands Íslands. Samþ. 21.12.1939, staðfest 12.2.1940.

Almennar reglur ÍSí um handknattleik og handknattleiksmót, útg. 1946.

Handknattleiksreglur ÍSí. Reglur ÍSí um handknattleiksmót ÍSí, útg. 1951.

Móta- og keppnisreglur ÍSí 24.10.1952.

Ágrip af þinggerð Íþróttapings ÍSí 1967.

Knattspyrnulög KSÍ. Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og fleira,útg. 1951.

Svar við árásum Knattspyrnufélags Reykjavíkur á stjórn Íþróttasamband Íslands og Knattspyrnuráð Reykjavíkur, útg. 1932.

Fálkinn 15.4.1933, meðal efnis, Víkingur 25 ára.

Íþróttasamband Íslands 40 ára 1912-1952.

Knattspyrnuráð Reykjavíkur 40 ára, 1919-1959.

Valsblaðið, jólin 1961 m.a. Axel Andrésson, minning.

Knattspyrnufélag Akraness 25 ára 1929-1949.

Íþróttablaðið: 03, 09,10,1950. 07, 12, 1951 og 12, 1952.

Gömul saga – Ný framtíð, sögusýning í Víkinni. Víkingur 100 ára, ljósrit.

Bók

Anders Hansen: Fimmtán kunnir knattspyrnumenn. Afreksmenn. Fjölhnir RVK. 1982.

Sjá einnig Einkaskjalasafn E- 276, Knattspyrnufélagið Víkingur.

Skráð í september 2008,
Guðjón Indriðason.